

SNS

Samtök náttúrustofa



Samstarfssamningur Landbúnaðarháskóla Íslands og Samtaka náttúrustofa

Samtök náttúrustofa (hér eftir nefnd „SNS“) og Landbúnaðarháskóli Íslands (hér eftir nefndur „LbhÍ“) (sameiginlega nefndir „aðilar“), gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

1. gr. Markmið samningsins

Markmið samningsins er að stuðla að samstarfi SNS og LbhÍ um fræðslu, menntun og rannsóknir á sviði náttúrufræða og náttúruverndar.

2. gr. Framkvæmd og gildistími

1.1 Gildissvið samningsins

Samningur þessi nær til samstarfs á sameiginlegum sviðum aðila – á sviði þekkingaröflunar og þekkingarmiðlunar íslenskra náttúrufræða. LbhÍ mun geta leitað til starfsmanna SNS um kennslu og leiðbeiningar í verkefnum nemenda og SNS leitað til LbhÍ um aðstoð við rannsóknir og gangnaöflun. Jafnframt munu nemendur LbhÍ árlega geta tekið þátt í vikulangri náttúrufarskönnun SNS þar sem þeir leggja fram aðstoð við gagnaöflun undir leiðsögn starfsmanna SNS.

Um hvert verkefni, framvindu þess og kostnaðarskiptingu skal gera sérstakt minnisblað.

1.2 Samstarfsnefnd

Til að vinna að markmiðum samningsins hafa aðilar ákveðið að setja á fót sérstaka samstarfsnefnd skipaða 2 fulltrúum frá hvorum aðila. Þessi samstarfsnefnd hefur umsjón með og fylgir eftir markmiðum samnings þessa.

1.3 Gildistími

Samningurinn gildir til 31.12.2010 en framlengist sjálfkrafa um eitt ár í senn hafi honum ekki verið sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.


Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með tveggja mánaða fyrirvara.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum. Skal Landbúnaðarháskóli Íslands halda einu og stjórn SNS einu.

Stykkishólmur, 11. apríl 2008

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands

F.h. Samtaka náttúrustofa


Ágúst Sigurðsson
Rektor


Þorsteinn Sæmundsson
Fórmaður